



Norræna
ráðherranefndin

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2020

Samantekt

Efnisyfirlit

Inngangsorð	3
Samningaviðræður við Norðurlandaráð og málamiðlun um fjárhagsáætlun	5
Rammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2020	6
Samanburður á fjárhagsáætlunum fyrir árin 2020 og 2019	7
Meginlínur fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar	9
Árangursmat og matsgerðir hjá Norrænu ráðherranefndinni	11
Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna	12
Greiðsluákvæði vegna æðri menntunar	13
Þróun fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar	14
Þróun fjárhagsáætlunarinnar á árunum 2009–2020	15
Þróun óráðstafaðs fjármagns á árunum 2015–2018	16
Þróun lausafjárstöðu	18
Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar	19
Fylgiskjal	26
Um þessa útgáfu	28

Framhald á styrkingu Norðurlanda jafnt út á við sem inn á við

Jafnt heima fyrir sem á alþjóðavettvangi er vaxandi áhugi á norrænu samstarfi og nýtur það mikils stuðnings meðal almennings. Á undanförunum árum hefur samstarfið verið endurskipulagt og fjölda nýrra verkefna ýtt úr vör sem stuðla að því að Norræna ráðherranefndin verði sveigjanlegra og þýðingarmeira verkfæri fyrir norrænu ríkisstjórnirnar. Heildarfjárhagsrammi ársins 2020 helst óbreyttur frá árinu 2019 og í fjárhagsáætluninni er bæði gert ráð fyrir framhaldi á vel heppnuðum aðgerðum og verkefnum auk fjölda nýrra viðfangsefna.

Hinn 20. ágúst 2019 samþykktu forsætisráðherrarnir nýja framtíðarsýn um að Norðurlönd ættu að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Þótt áhrifa hinnar nýju framtíðarsýnar gæti ekki að fullu fyrr en í fjárhagsáætlun ársins 2021 ætlum við nú þegar að vinna að því að öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar verði í anda hennar. Það þýðir að nýja framtíðarsýnin verður mikilvægt leiðarljós á fjárhagsárinu 2020.

Áhersla á stafvæðingu, frjálsa för og kynningu á alþjóðavettvangi 2020

Í apríl 2018 ákváðu samstarfsráðherrarnir að forgangsmál fjárhagsáætlunarinnar 2020 skyldu vera þau sömu og 2019, þ.e. stafvæðing, frjáls för og kynning. Til að styðja við aðgerðir í ofangreindum málaflokkum er 30,5 milljónum danskra króna ráðstafað með nýjum hætti í ár. Í mörgum tilfellum bætist við það eiginfjármögnum frá viðkomandi sviðum svo í heildina er um að ræða verulega áherslu á þessa málaflokka.

Sem dæmi um raunveruleg verkefni á sviði stafvæðingar sem studd eru í fjárhagsáætluninni má nefna vinnu við að koma upp innviðum til að gera það kleift að nota innlend skilríki þvert á landamæri á Norðurlöndum, vinnu við stafrænar opinberar lausnir innan Nordic Smart Government 3.0 og samstarf við innleiðingu á 5G.

Með nýju framkvæmdaáætluninni um frjálsa för 2019–2021, þar sem í fyrsta sinn er safnað saman öllum aðgerðum á vegum ráðherranefndarinnar sem stuðla að frjálsri för, er tryggt að frjáls för verði áfram í forgangi í fjárhagsáætluninni 2020 með áherslu á að bæta skilyrði fyrir hreyfanleika almennings og fyrirtækja á Norðurlöndum.

Áhugi á Norðurlöndum fer vaxandi

Sem fyrr er mikill áhugi á Norðurlöndum jafnt innan þeirra sem utan. Í kjölfar úttektar á kynningarstarfinu ákváðu samstarfsráðherrarnir í október 2018 að halda

áfram að vinna að því að kynna Norðurlönd og marka þeim stöðu á alþjóðavettvangi á árunum 2019–2021. Sú vinna verður áfram fjármögnuð í fjárhagsáætluninni fyrir 2020. Einnig verður alþjóðlegu samstarfi og vinnu í sambandi við ESB-mál haldið áfram í öllum ráðherranefndum.

Í fjárhagsáætluninni fyrir árið 2020 verður áfram lögð áhersla á sjálfbærni, einkum varðandi framleiðslu og neyslu (sjálfbærnimarkmið 12) í tengslum við samnorræna eftirfylgni við alþjóðlegar loftslagsviðræður og yfirlýsingu forsætisráðherranna frá janúar 2019 um að Norðurlönd eigi að vinna meira saman en verið hefur að því að verða kolefnishlutlaus. Yfirlýsingin um framtíðarsýnina frá ágúst 2019 undirstrikar enn fremur að loftslagsmálin verði æ veigameiri í norrænu samstarfi þegar fram í sækir.

Í fjárhagsáætluninni fyrir árið 2020 kemur einnig skýrt fram hvernig þess er vænst að fjárhagsáætlunin styðji við þverlægar stefnur um sjálfbæra þróun, börn og ungmenni og jafnréttismál. Einnig er auðveldara nú en áður að bera saman markmið og árangur þar sem markmiðin fyrir fjárhagsárið 2018 eru sett fram með aðgengilegum hætti í fjárhagsáætlunarliðum.



Inngangsröð eftir Paulu Lehtomäki, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar

Ljósmynd: Kristian Septimius Krogh/norden.org

Samningaviðræður við Norðurlandaráð og málamiðlun um fjárhagsáætlun

Haustið 2019 fóru fram pólitískar viðræður milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um tillögu nefndarinnar til fjárhagsáætlunar og lauk þeim með eftirfarandi breytingum/útfærslum í fjárhagsáætlun ársins 2020:

1. Að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar verði í auknum mæli í takt við framtíðarsýnina um að Norðurlönd verði sjálfbærasta svæði heims innan tíu ára.
2. Að framvegis verði lögð sérstök áhersla á norrænar aðgerðir gegn vaxandi sýklalyfjaónæmi.
3. Að lögð verði sérstök áhersla á einkaréttarlegt samstarf á Norðurlöndum í samræmi við skýrslu Inge Lorange Backer.
4. Að 200 þúsundum danskra króna verði ráðstafað til að styrkja norrænt samstarf um samræmingu og einföldun á reglum í byggingariðnaði og efla sjálfbæra mannvirkjagerð.
5. Að 1 milljón danskra króna af fjárveitingum Sambands norrænu félaganna (FNF) á fjárhagsáætlun MR-SAM og 0,3 milljónir danskra króna af fjárhagsáætlun MR-U verði eyrnamerktað kennslugáttinni Norðurlönd í skóla. Auk þess má taka fram að samkvæmt áætlaðri fjárhagsáætlun vegna ársins 2020 er þess vænst að FNF leggi sjálft til 0,2 milljónir danskra króna til viðbótar við stofnanaframlag Norrænu ráðherranefndarinnar. Þetta verður til að 1,5 milljónir danskra króna renni til Norðurlanda í skólanum.

Rammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2020

Rammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2020 nemur samtals **967.547 þúsundum danskra króna** (á verðlagi ársins 2020) og er það óbreyttur rammi að raungildi miðað við fjárhagsáætlun ársins 2019.

Ramman er hægt að sundurliða á eftirfarandi hátt:

Heildarrammi	Þús. DKK
Samþykkt fjárhagsáætlun 2020 á verðlagi ársins 2019	956.679
Áhrif verðlagsbreytinga milli ára á verðlagi ársins 2020	16.580
Áhrif gengisbreytinga milli ára	-5.712
Samtals á verðlagi ársins 2020	967.547

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun ársins 2020 koma til verðbætur að upphæð 16.580 þús. danskra króna, en það jafngildir hækkun fjárhagsáætlunarinnar um u.þ.b. 1,7 %. Umreikningur fjárveitinga til stofnana úr gjaldmiðli þeirra í danskar krónur felur í sér lækkun á fjárhagsáætlun að fjárhæð 5.712 þúsund danskra króna. Taka ber fram að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á umfang fjárhagsáætlunarinnar (og framlög landanna) eða upphæð fjárveitinga til stofnana. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana í danskar krónur en þær eru greiddar út í gjaldmiðli búsetulandsins.

Á næstu blaðsíðu má sjá hvernig heildarrammi fjárhagsáætlunarinnar skiptist niður á fagsviðin árið 2020.

Samanburður á fjárhagsáætlunum fyrir árin 2020 og 2019

	Fjárhags- áætlun 2020	Fjárhags- áætlun 2019	Mismunur nafnv.	Mismunur leiðr.
1. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM)	267.083	265.713	1.370	-2.810
a. Fjárveiting til forgangsverkefna	90.254	90.990	-736	-1.443
b. Alþjóðlegt samstarf	59.968	61.010	-1.042	-2.000
i. Þar af skrifstofurnar*	15.624	16.108	-484	-700
c. Önnur starfsemi og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar	116.861	113.713	3.148	633
i. Þar af skrifstofan (NMRS)	82.036	80.903	1.133	0
2. Menntamál og rannsóknir (MR-U)	224.723	222.086	2.637	-160
a. Almenn menntamála- og rannsóknarstarfsemi	4.498	4.463	35	-40
b. Stefnumótun o.fl.	15.723	15.460	263	0
c. Hreyfanleika- og tengslanetsáætlanir	86.356	85.033	1.323	-120
d. Norræna rannsóknarráðið, NordForsk (stofnun)	97.459	96.789	670	0
e. Annað rannsóknarsamstarf	20.687	20.341	346	0
3. Félags- og heilbrigðismál (MR-S)	42.331	41.799	532	600
i. Þar af Norræna velferðarmiðstöðin (stofnun)	18.786	19.247	-461	0
4. Menningarmál (MR-K)	180.255	181.622	-1.367	-3.180
a. Almenn framlög til menningarmála	53.516	56.002	-2.486	-3.380
b. Börn og ungmenni	6.489	6.381	108	0
c. Kvikmyndir og fjölmiðlar	31.464	32.410	-946	-1.472
d. Listir	32.691	31.944	747	200
e. Norrænu menningarhúsin (stofnanir)	47.754	48.156	-402	0
f. Önnur framlög til menningarmála	8.341	6.729	1.612	1.472
5. Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)	43.926	42.125	1.801	1.990
a. Fiskveiðar	6.660	6.611	49	-62
b. Landbúnaður og skógrækt	30.041	28.588	1.453	1.874
i. Þar af Norræna erfðauðlindastofnunin, NordGen	22.388	20.937	2.451	2.000
c. Matvæli	7.225	6.926	299	178

6. Jafnréttismál (MR-JÄM)	11.671	9.376	2.295	2.100
7. Sjálfbær hagvöxtur (MR-VÆKST)	131.921	129.593	2.328	1.280
a. Atvinnulíf	86.241	84.763	1.478	680
i. Þar af Norræn nýsköpun (stofnun)	65.450	67.589	-2.139	-2.589
b. Orkumál	12.832	12.407	425	300
i. Þar af Norrænar orkurannsóknir (stofnun)	9.115	9.052	63	0
c. Byggðamál	32.848	32.423	425	300
i. Þar af Nordregio, rannsóknarstofnun í skipulags- og byggðamálum	10.293	10.545	-252	0
8. Umhverfis- og loftslagsmál (MR-MK)	47.555	47.180	375	-420
9. Vinnumál (MR-A)	15.223	14.373	850	600
i. Þar af Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd, NIVA	3.617	3.562	55	0
10. Efnahags- og fjármálastefna (MR-FINANS)	1.634	1.607	27	0
11. Löggjafarsamstarf (MR-LAG)	1.225	1.205	20	0
Norræn heildarfjárhagsáætlun	967.547	956.679	10.868	0

**Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi*

Meginlínur fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna. Ráðherranefndin starfar á grundvelli Helsingforssamningsins frá 1971.

Löndin skiptast árlega á að gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Danmörk tekur við formennskunni af Íslandi árið 2020.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) bera meginábyrgð á að skipuleggja starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarfið fer auk þess fram í tíu fagráðherranefndum og einni sérskipaðri ráðherranefnd um stafvæðingu.

Vinnan við að tryggja að norrænt samstarf verði áfram öflugt og mikilvægt verkfæri fyrir norrænu ríkisstjórnirnar heldur áfram á árinu 2020. Heildarrammi norrænu fjárhagsáætlunarinnar í ár er óbreyttur frá árinu 2019. Í apríl 2018 fastsettu norrænu samstarfsráðherrarnir forgangsatrði í fjárhagsáætluninni fyrir 2020. Forgangsmál eru þau sömu og á síðasta ári, þ.e. stafvæðing, frjáls för og kynning. Einnig er vert að tak fram að forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu nýja framtíðarsýn fyrir Norrænu ráðherranefndina í ágúst 2019 sem felur í sér að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Framtíðarsýnin á að vera leiðarljós í starfseminni á árinu þar sem það á við og því verður við komið.

Til að styðja við verkefni á ofangreindum sviðum er 30,5 milljónum danskra króna ráðstafað með nýjum hætti í fjárhagsáætluninni fyrir árið 2020. Að því marki sem unnt er verður þeim fjárveitingum deilt jafnt á milli áherslusviðanna þriggja til viðbótar við það umfangsmikla starf sem þegar er unnið í fagráðherranefndum á þessum sviðum. Við fjárhagsáætlunargæðina er sömuleiðis tekin afstaða til þess hvort undir sérhverjum lið sé að finna verkefni sem stuðla að hinum þverlægu áherslumálum um jafnrétti, sjálfbærni (sjálfbærnimarkmiðin 2030) og málefni barna og ungmenna.

Hvað stafvæðingu viðvíkur fer starfið að mestu fram á vegum ráðherranefndarinnar um stafræna væðingu en einnig annarra fagráðherranefnda. Markmiðið er stafrænn innri markaður á Norðurlöndum og Eystrasaltssvæðinu og nánara stafrænt samstarf og þróun á samtengdum stafrænum innviðum fyrir almenning, fyrirtæki og stjórnsýsluna á svæðinu.

Áhersla er lögð á að Digital North-yfirlýsingin komi til framkvæmda en í því felst að vinna sameiginlegan ramma og tímaáætlun til að tryggja aðgengi að stafrænni þjónustu þvert á landamæri og fylgja eftir norrænni framkvæmdaáætlun um innleiðingu á 5G ásamt því að ýta undir notkun gervigreindar meðal bæði opinberra aðila og einkaaðila.

Áhersla á hreyfanleika felst í þeim verkefnum sem fjallað er um í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um frjálsa för 2019–2020. Í framkvæmdaáætluninni er samantekt á öllum verkefnum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem stuðla að frjálsri för. Nefna má vinnu að gagnkvæmri viðurkenningu á starfsréttindum, samræmingu á reglum og stöðlum í byggingariðnaði og samræmingu löggjafarstarfs

í löndunum og innleiðingarferli ESB-reglugerða.

Enn fremur er lögð áhersla á tækifæri ungs fólks til frjálsrar farar meðal annars í Nordplus-áætluninni sem er liður í þeim aðgerðum sem styðja með beinum hætti við frjálsa för. Mikilvægur hluti af vinnunni að frjálsri för felst einnig í upplýsingastarfi sem fer fram í gegnum upplýsingaþjónustu Norrænu ráðherranefndarinnar, Info Norden, auk fleiri aðila, svo sem upplýsingaþjónustu á landamærasvæðunum.

Mikill áhugi er á Norðurlöndum um allan heim. Í ljósi þess verður áfram unnið að því að kynna Norðurlönd og marka þeim stöðu á alþjóðlegum vettvangi. Grundvöllur norrænnar ímyndarsköpunar er hið norræna sjónarhorn sem byggist á sameiginlegum gildum svo sem trausti, jafnrétti, sjálfbærni, nýsköpun og gagnsæi. Á árinu 2020 verður kynningarverkefnið hluti af tveimur til þremur stórum aðgerðum. Styrkur verður veittur til sendiráða og annarra norrænna hagsmunaaðila í opnu umsóknarferli og einnig verður ráðist í eina til tvær stórar herferðir á samfélagsmiðlum.


Mikilvægt er að undirstrika að auk þeirra áherslumála í fjárhagsáætluninni sem nefnd hafa verið og ber að líta á sem stefnumál í sérstökum forgangi á árinu 2020 verða margar aðgerðir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, skrifstofanna, stofnananna og samstarfsaðila sem og í gegnum verkefnastarfsemina í heild. Í inngangi fyrir hvert stefnumótunarsvið í fjárhagsáætlunarritinu má lesa nánar um markmið hverrar fagráðherranefndar og mat á árangri þeirra.

Fjárhagsáætlunin er byggð á tillögum fagráðherranna að forgangsröðun og var hún kynnt sem fjárhagsáætlunartillaga framkvæmdastjórans í júní 2019. Í framhaldinu verður hún send í umsagnarferli í löndunum. Samstarfsráðherrarnir taka ákvörðun um fjárhagsáætlunartillöguna í september 2019. Í október 2019, að loknu samráði við Norðurlandaráð, samþykkja samstarfsráðherrar norrænu landanna endanlega útgáfu fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2020.

Árangursmat og matsgerðir hjá Norrænu ráðherranefndinni

Úttektir á árangri og matsgerðir eru mikilvæg verkfæri í fjárhagsáætlunarferlinu hjá Norrænu ráðherranefndinni. Með þeim er hægt að nota þá þekkingu sem til verður sem grunn fyrir nýjar pólitískar aðgerðir. Í inngangi fyrir hverja ráðherranefnd í fjárhagsáætlunarritinu og undir hverjum fjárhagsáætlunarlið er grein gerð fyrir árangrinum af notkun fjárins. Gert er ráð fyrir að greinargerðir um árangur og matsgerðir verði í vaxandi mæli látnar liggja til grundvallar við úthlutun fjármagns í norrænu fjárhagsáætluninni. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 er miðað við árið 2018 sem er síðasta fjárhagsár sem lokið er og þar með hægt að meta árangurinn af. Á árinu 2018 var um að ræða u.þ.b. 420 markmið í öllum ráðherranefndum sem höfðu verið samþykkt á hinum pólitíska vettvangi. Þar af töldust um 97% hafa náðst að fullu eða að hluta til og 3% töldust ekki hafa náðst eins og sjá má á eftirfarandi mynd.

Eftirfylgni við árangur



Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er aðallega fjármögnuð með beinum framlögum landanna. Grundvallarreglan er sú að framlög landanna samsvari heildarfjárhagsrammanum að frádregnum gjöldum af launum starfsfólks, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum, sbr. töflu hér á eftir. Framlög landanna eru ákveðin samkvæmt skiptireglu sem styðst við hlutdeild landanna í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð síðustu tveggja ára sem tölur liggja fyrir um á Norðurlöndum (fyrir fjárhagsáætlun 2020 eru það árin 2016 og 2017)..

TEKJUR	2017		2018		2019		2020	
Þús. DKK (á verðlagi ársins)	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla	Fjárhags- áætlun	Skipti- regla
Gjöld af launum	13.500		13.500		13.500		13.500	
Aðrar tekjur (t.d. vextir)	0		0		0		0	
Framlög landanna	921.591		937.362		943.179		954.047	
– Danmörk	184.638	20,2%	197.783	21,1%	201.840	21,4%	207.521	21,8%
– Finnland	145.611	15,8%	150.915	16,1%	155.625	16,5%	158.313	16,6%
– Ísland	8.294	0,9%	9.374	1,0%	12.261	1,3%	14.517	1,5%
– Noregur	292.144	31,7%	283.083	30,2%	267.863	28,4%	265.352	27,8%
– Svíþjóð	289.380	31,4%	296.206	31,6%	305.590	32,4%	308.345	32,3%
Samtals:	935.091	100%	950.862	100%	956.679	100%	967.547	100%

Greiðsluákvæði vegna æðri menntunar

Samningurinn um aðgang að æðri menntun kveður á um að greiðslur milli landanna skuli gerðar upp í framlögum þeirra til hinnar árlegu fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Sú ákvörðun hefur því áhrif á framlög landanna í hinn samnorræna sjóð. Greiðsluákvæðið gildir um Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Greiðsluákvæðið gildir ekki um Ísland, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland. Er því tekið tillit til gagnkvæmra greiðslna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar vegna greiðsluákvæðisins við framlög landanna til fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar. Ákveðið var á árinu 2018 að framlengja samninginn ótímabundið.

Í samningnum er kveðið á um að greiða skuli fyrir 75% þeirra námsmanna sem fá námslán frá sínu heimalandi og samkvæmt reglum sem þar gilda vegna æðri menntunar í öðru norrænu landi, enda falli menntunin undir 1. gr. samningsins. Nemar í rannsóknarnámi og ósérgreindu háskólanámi eru ekki taldir með.

Árleg greiðsla fyrir hvern námsmann er 31.737 danskra króna á árinu 2020.

Ráðherranefndinni berast tölfræðilegar upplýsingar frá námsstuðningsstofnunum landanna sem liggja til grundvallar þeim fjölda námsmanna sem ætlað er að fari á milli landa.

Greiðslur, æðri menntun (þús. DKK)				
	Fjárhagsáætlun 2017	Fjárhagsáætlun 2018	Fjárhagsáætlun 2019*	Fjárhagsáætlun 2020
Danmörk	-78.963	-77.718	-74.000	-62.983
Finnland	33.861	43.689	54.084	53.985
Ísland	0	0	0	0
Noregur	51.225	50.375	50.160	43.655
Svíþjóð	-6.123	-16.346	-30.244	-34.657
Samtals	0	0	0	0

* Fjárhæðirnar fela í sér leiðréttingu á misræmi árunna 2014–2018

Hér að neðan sjást framlög landanna til Norrænu ráðherranefndarinnar í eigin gjaldmiðli samkvæmt gengi sem samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið. Fjárhæðirnar eru með tilliti til greiðsluákvæðis vegna æðri menntunar.

Fjárhagsáætlun 2020 – Áætluð framlög landanna í eigin gjaldmiðli

Danmörk, 144.538 þús DKK

Finnland, 28.458 þús EUR

Ísland, 268.832 þús ISK

Noregur, 401.308 þús NOK

Svíþjóð, 85.475 þús SEK

Þróun fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar


Ein aðferð til að rannsaka þróun fjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar um lengri tíma er að bera rammann saman við samanlagða verga þjóðarframleiðslu landanna. Verg þjóðarframleiðsla Norðurlanda er samanlögð verg þjóðarframleiðsla Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Súluritið hér að neðan sýnir hlutfall fjárhagsrammans af vergri þjóðarframleiðslu Norðurlanda frá því á árinu 1995. Þar sést að fjárhagsrammi ráðherranefndarinnar hefur minnkað á tímabilinu í samanburði við verga þjóðarframleiðslu.

Samanburðurinn á við um tímabilið 1995–2018 þar sem grunnur 1995=100.

Hlutfallslega aukningu fjárhagsrammans 2009 má að mestu rekja til efnahagskreppunnar 2008. Verg þjóðarframleiðsla allra landanna minnkaði á árinu 2009 miðað við 2008. Þess vegna er fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar hlutfallslega hærri það ár miðað við verga þjóðarframleiðslu Norðurlanda.

Norræna fjárhagsáætlunin í hlutfalli við VPF Norðurlanda

Heimild: Eurostat, maí 2019




Þróun fjárhagsáætlunarinnar á árunum 2009–2020

Samstarfsráðherrarnir samþykktu fjárhagsramma ársins 2020 sem er sambærilegur ramma ársins 2019.

Sökum gengisbreytinga dróst fjárhagsramminn saman á föstu verðlagi milli áranna 2009 og 2010 en fjárhagsrammi ársins 2011 náði ekki sömu stærð og árið 2009. Ástæðan var sú að gengi norsku og sænsku krónunnar lækkaði töluvert gagnvart dönsku krónunni frá seinni hluta ársins 2008 fram á mitt ár 2009. Hækkunin milli áranna 2011 og 2012 hélt áfram til ársins 2013 en hún varð einnig vegna gengisbreytinga þegar gengi norsku og sænsku krónunnar hækkaði gagnvart dönsku krónunni. Skýra má tiltölulega mikið hrap á föstu verðlagi á árinu 2015 miðað við 2014 og áfram á árinu 2016 með lægra gengi norsku og sænsku krónunnar gagnvart dönsku krónunni auk niðurskurðar í fjárhagsáætlun á árunum 2014–2016. Gengi norsku og sænsku krónunnar hélt áfram að falla sem skýrir lækkunina árin 2016–2020.

Þróun fjárhagsáætlunarinnar á árunum 2009–2020 (milljónir danskra króna)



Þróun óráðstafaðs fjármagns á árunum 2015–2018


Óráðstafað fjármagn er skilgreint sem fjármagn sem ekki er búið að ákveða að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafað fé kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða framlög til verkefna og áætlana. Þeir utanaðkomandi aðilar sem fá fjárveitingar ráðherranefndarinnar til stofnana og félagasamtaka greiddar út hafa ráðstöfunarrétt yfir því fé. Í fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar er þessu fjármagni ávallt ráðstafað að fullu, samkvæmt þeirri skilgreiningu. Fjárveitingar til verkefna og styrkja námu samtals u.þ.b. 56% af fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 2018.

Í tengslum við nýbreytni í fjárhagsáætlunarferlinu og innleiðingu á hugmyndalista framkvæmdastjórans árið 2007 ákváðu samstarfsráðherrarnir að innleiða 20%-reglu og lágmarksupphæð sem nam 200.000 danskra króna. Þannig mátti ekki yfirfæra meira en 20% af tilteknum fjárlagalið til næsta árs en þó allt að 200.000 danskra króna. Þegar fjárhagsáætlunin var endurskoðuð árið 2014 var reglunni breytt í 15%-reglu og lágmarksfjárhæðinni í 150.000 DKK. Þessi mörk eru sett af tilliti til lágra fjárlagaliða, sem kæmu illa út ef eingöngu væri beitt hlutfallsútreikningi.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í maí 2009 að frá og með því starfsári skyldi fé sem stæðist ekki 15%-kröfuna renna aftur til landanna uns náð yrði heildarendurgreiðslu sem næmi 35 milljónum danskra króna. Ákvörðunin var tekin í tilefni þess að rammi fjárhagsáætlunar 2008 var aukinn til eins árs um 35 milljónir danskra króna til fjármögnunar á hnattvæðingarverkefnunum.

Á myndritinu hér á eftir sést óráðstafað fé á árunum 2015–2018, enn fremur hvernig óráðstafað fé skiptist niður á ráðherranefndir í þúsundum danskra króna og hlutdeild þess í heildarfjárhagsramma fagsviðanna.

Óráðstafað fé í árslok 2015–2018




Óráðstafað fé í lok árunna 2015–2018 (þúsundir danskra króna)									
Svið	2015	% af stærð sviðsins	2016	% af stærð sviðsins	2017	% af stærð sviðsins	2018	% af stærð sviðsins	Lækkað samkvæmt 15%-reglunni
Fjárveiting til forgangsverkefna	3.841	5,0%	2.372	3,1%	3.185	3,5%	1.956	2,2%	
Alþjóðlegt samstarf	6.090	8,0%	653	0,9%	1.526	2,8%	3.185	5,3%	
Menntamál og rannsóknir	1.049	0,0%	1.422	0,6%	706	0,3%	1.220	0,6%	
Félags- og heilbrigðismál	268	1,0%	185	0,5%	612	1,6%	399	0,9%	
FJSL	122	0,0%	367	0,9%	421	1,0%	116	0,3%	
Menningarmál	1.473	1,0%	2.453	1,4%	2.677	1,5%	3.314	1,9%	
Jafnrétti	142	2,0%	90	1,0%	180	2,0%	363	3,9%	
Sjálfbær hagvöxtur	1.541	1,0%	1.033	0,8%	288	0,2%	349	0,3%	
Umhverfismál	1.111	3,0%	699	1,6%	514	1,1%	1.700	3,7%	
Vinnumarkaður og vinnuvernd	396	3,0%	150	1,1%	330	2,3%	395	2,8%	
Efnahags- og fjármálastefna	191	11,0%	41	2,3%	165	8,8%	41	2,6%	
Löggjafarmál	207	15,0%	211	15,0%	10	0,7%	0	0,0%	
Önnur starfsemi	1.190	1,0%	1.506	1,4%	1.727	1,6%	2.857	2,5%	845
Samtals	17.623	1,90%	11.182	1,2%	12.341	1,3%	15.893	1,7%	

Þróun lausafjárstöðu

Á eftirfarandi línuriti eru tvær línur. Bláa línan sýnir hámark lausafjárstöðunnar á hverjum ársfjórðungi og rauða línan lágmark. Lausafjárstaðan felur í sér heildarlausafjárstöðu ráðherranefndarinnar þar sem lausafé í erlendum gjaldmiðli er umreiknað í danskar krónur.

Árið 2008 fóru framlög landanna að berast fjórum sinnum í stað tvisvar á ári og hafði það áhrif á hreyfingar á lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Um mitt ár 2014 hófu löndin að greiða átta sinnum á ári, fjórar greiðslur í dönskum krónum og fjórar í eigin gjaldmiðli.

Samstarfsráðherrarnir ákváðu í nóvember 2010 að færa greiðslur landanna til um tvo mánuði. Áhrifin urðu þau að heildarlausafjárstaða ráðherranefndarinnar lækkaði verulega þegar á árinu 2011 og á ákveðnum tímum árs er hún nálægt núlli. Því ákvað Norræna samstarfsnefndin (NSK) í desember 2018 að á árinu 2019 yrði sú bráðabirgðalausn tekin upp að breyta inngreiðslukerfinu með þeim hætti að löndin greiði 40% af framlagi sínu í dönskum krónum fyrsta ársfjórðunginn og 20% aðra ársfjórðunga.



Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar

Þús. DKK		2020	2019
Fjárveiting til forgangsverkefna		90.254	90.990
<i>Formennskusjóður, Svíþjóð</i>		15.255	15.240
1-8025	Fjarlækningar og rafrænir lyfseðlar milli landa	4.068	4.064
1-8026	Efling norrænna sjálfbærnislausna	4.068	4.064
1-8027	Sjálfbærar norrænar borgir með áherslu á loftslagsvænar samgöngur	4.068	4.064
1-8028	Félagsleg aðlögun og þátttaka ungs fólks á efnaminni svæðum	3.051	3.048
<i>Formennskusjóður, Noregur</i>		0	15.241
1-8019	Græn umskipti og samkeppnisfærni norrænna þéttbýlissvæða	0	3.353
1-8020	Blátt og grænt lífhagkerfi	0	3.861
1-8021	Heilsa	0	2.642
1-8022	Aðlögunarmál	0	5.385
1-8023	Efling á samstarfi utanríkismálastofnana landanna	0	0
1-8024	Norrænt orkumálasamstarf	0	0
<i>Formennskusjóður, Ísland</i>		15.255	15.240
1-8031	Hafið – blár vöxtur í norðri	5.085	5.080
1-8032	Sjálfbær ferðamennska í norðri	5.085	5.080
1-8033	Ungt fólk á Norðurlöndum	5.085	5.080
<i>Formennskusjóður, Danmörk</i>		15.255	0
1-8034	Sjálfbært félagsstarf ungmenna á Norðurlöndum / Nordic Youth in Sustainable Dialogue	5.085	0
1-8035	Sjálfbær þróun strandsamfélaga á Norðurlöndum	5.085	0
1-8036	Framtíðarsýn verður að raunveruleika – framtíðarorkulausnir á afskekktum svæðum	5.085	0
<i>Forgangsverkefnasjóður</i>		44.489	45.269
1-8410	Pólitísk forgangsverkefni	1.962	3.937
1-8411	Pólitísk frumkvæðisverkefni	8.266	8.128
1-8412	Til ráðstöfunar fyrir MR-SAM	2.117	2.082
1-8420	Kynning og mörkun stöðu á alþjóðavettvangi	10.489	5.314

1-8510	Ný þverlæg verkefni	203	7.112
1-8520	Norrænar lausnir á hnatttrænum samfélagsáskorunum	5.994	10.394
1-8530	MR-DIGITAL	15.458	8.302
Þús. DKK		2020	2019
Samstarfsráðherrarnir		116.861	113.713
	<i>Önnur starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar</i>	<i>34.825</i>	<i>32.810</i>
1-0410	Samband Norrænu félaganna	4.283	3.411
1-0425	Framlag til Grænlands	778	765
1-0435	Ráðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	443	436
1-0460	Sjálfbær þróun (áður Sjálfbær Norðurlönd)	3.251	3.197
1-1011	Upplýsingastarfsemi	3.072	3.021
1-1012	Norðurlönd í brennidepli	4.949	4.866
1-1013	Tölulegar upplýsingar	3.689	2.743
1-1030	Info Norden	6.848	6.734
1-1036	Stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum	5.255	5.167
1-1050	Starfsmannaskipti	1.240	1.219
1-2534	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.017	1.251
	<i>Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)</i>	<i>82.036</i>	<i>80.903</i>
1-0180	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	82.036	80.903
Þús. DKK		2020	2019
Alþjóðlegt samstarf		59.968	61.010
1-0820	Grannsvæðasamstarf Norðurlanda	30.567	30.856
1-0980	Samstarf á landamærasvæðum	594	1.084
1-0960	Félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu	0	0
1-0810	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litáen og Norðvestur-Rússlandi	15.624	16.108
1-0850	Alþjóðastarf	1.885	1.853
1-0870	Samstarfsáætlun um málefni norðurskautssvæðisins	9.369	9.212
1-0950	Aðgerðir vegna Hvíta-Rússlands	0	0
1-0990	Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri	1.929	1.897

Þús. DKK		2020	2019
MR-U		224.723	222.086
	<i>Almenn framlög til menntamála og rannsókna</i>	4.498	4.463
2-2505	Ráðstöfunarfé – Menntamál og rannsóknir	4.498	4.463
	<i>Stefnumörkun o.fl.</i>	15.723	15.460
2-2544	Norrænt tungumálasamstarf	7.397	7.273
2-2553	Stefnumótun, þekkingarsamfélagið og innviðir upplýsingatækni	0	0
2-3127	Stefnumörkun um nám fullorðinna	8.326	8.187
	<i>Ferðastyrkir og tengslanetaáætlanir</i>	86.356	85.033
2-2513	Nordplus	80.650	79.422
2-2515	Norræna meistaranámsáætlunin	5.706	5.611
	<i>Stofnun</i>	97.459	96.789
2-3100	Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)	97.459	96.789
	<i>Annað rannsóknarsamstarf</i>	20.687	20.341
2-3180	Norræna kjarneðlisfræðistofnunin (NORDITA)	8.397	8.257
2-3181	Norræna sjóréttarstofnunin (NIFS)	2.504	2.462
2-3182	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	3.966	3.900
2-3184	Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	4.054	3.986
2-3185	Norræna Samastofnunin (NSI)	1.766	1.736
Þús. DKK		2020	2019
Félags- og heilbrigðismál (MR-S)		42.331	41.799
	<i>Framlög til verkefna</i>	23.545	22.552
3-4310	Framlög til verkefna – Félags- og heilbrigðismál	4.844	4.163
3-4311	Norrænt samstarf í heilbrigðismálum	3.447	3.389
3-4312	Norrænt samstarf í félagsmálum	3.462	3.404
3-4320	Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks	1.219	1.199
3-4340	Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko)	2.054	2.020
3-4382	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM AS)	8.519	8.377
	<i>Stofnun</i>	18.786	19.247
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	18.786	19.247

Þús. DKK		2020	2019
Menningarmál (MR-K)		180.255	181.622
<i>Almenn framlög til menningarmála</i>		<i>53.516</i>	<i>56.002</i>
4-2203	Ráðstöfunarfé – Menningarmál	727	715
4-2205	Norræni menningarsjóðurinn	36.916	36.299
4-2206	Verðlaun Norðurlandaráðs	4.446	4.372
4-2208	Stefnumótandi aðgerðir	11.427	14.616
<i>Börn og ungmenni</i>		<i>6.489</i>	<i>6.381</i>
4-2212	Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	6.489	6.381
<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>		<i>31.464</i>	<i>32.410</i>
4-2222	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	28.352	29.350
4-2228	Norræna gagnamiðstöðin um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	3.112	3.060
<i>Listasviðið</i>		<i>32.691</i>	<i>31.944</i>
4-2251	Menningar- og listaáætlunin	17.140	16.853
4-2253	Norrænir þýðingarstyrkir	3.448	3.190
4-2254	Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði	12.103	11.901
<i>Norræn menningarhús (stofnanir)</i>		<i>47.754</i>	<i>48.156</i>
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	11.946	12.862
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)	14.265	14.068
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)	3.104	3.057
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.685	6.593
4-2548	Norræna menningargáttin (NKK)	11.754	11.576
<i>Annað menningarsamstarf</i>		<i>8.341</i>	<i>6.729</i>
4-2232	Önnur menningarstarfsemi	4.300	2.756
4-2234	Samískt samstarf	4.041	3.973

Pús. DKK	2020	2019
Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)	43.926	42.125
5-6420 Ný norræn matargerð	955	949
<i>Fiskveiðar</i>	<i>6.660</i>	<i>6.611</i>
5-6610 Framlög til verkefna – Fiskveiðar	6.660	6.611
<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	<i>30.041</i>	<i>28.588</i>
5-6510 Framlög til verkefna – Landbúnaður	403	396
5-6520 Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ)	941	988
5-6310 Framlög til verkefna – Skógrækt	326	321
5-6581 Norrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.983	5.946
<i>Stofnun – Landbúnaður</i>	<i>22.388</i>	<i>20.937</i>
5-6585 Norræna erfðauðlindastofnunin (NordGen)	22.388	20.937
<i>Matvæli</i>	<i>6.270</i>	<i>5.977</i>
5-6810 Framlög til verkefna – Matvæli	5.677	5.394
5-6830 Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði	593	583
Pús. DKK	2020	2019
Jafnréttismál (MR-JÄM)	11.671	9.376
<i>Framlög til verkefna</i>	<i>11.671</i>	<i>9.376</i>
6-4410 Stefnumarkandi verkefni vegna jafnréttis	3.856	3.692
6-4411 Stefnumarkandi verkefni - LGBTI	2.034	0
6-4420 Norrænn jafnréttissjóður	3.054	3.003
6-4480 Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði (NIKK)	2.727	2.681

Þús. DKK		2020	2019
Sjálfbær hagvöxtur (MR-VÆKST)		121.921	129.593
	<i>Atvinnulíf</i>	<i>86.241</i>	<i>84.763</i>
7-5140	Framlög til verkefna – Atvinnulíf	5.085	1.553
7-5280	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	15.706	15.621
	<i>Stofnun – Atvinnulíf</i>	<i>65.450</i>	<i>67.589</i>
7-5180	Norræna nýsköpunarstofnunin Nordic Innovation (NI)	65.450	67.589
	<i>Orkumál</i>	<i>12.832</i>	<i>12.407</i>
7-5141	Framlög til verkefna – Orkumál	3.717	3.355
	<i>Stofnun – Orkumál</i>	<i>9.115</i>	<i>9.052</i>
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	9.115	9.052
	<i>Byggðamál</i>	<i>32.848</i>	<i>32.423</i>
7-5143	Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar	7.246	6.825
7-5151	Norræna Atlantssamstarfið (NORA)	6.883	6.768
7-5160	Samstarf landamærasvæða	8.426	8.285
	<i>Stofnun – Byggðamál</i>	<i>10.293</i>	<i>10.545</i>
7-6180	Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	10.293	10.545
Þús. DKK		2020	2019
Umhverfis- og loftslagsmál (MR-MK)		47.555	47.180
8-3310	Ráðstöfunarfé – Umhverfismál	5.085	4.095
8-3311	Vinnuhópar á umhverfissviði	26.294	25.136
8-3312	Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs	866	852
8-3320	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	10.170	11.643
8-6720	SVANURINN – Norræna umhverfismerkið	5.140	5.454

Þús. DKK		2020	2019
Vinnumál (MR-A)		15.223	14.373
Framlög til verkefna		11.606	10.811
9-4110	Önnur framlög til verkefna – Vinnumál	1.726	1.097
9-4111	Vinnumarkaður - Fastanefndir	4.774	4.694
9-4120	Nordjobb	3.381	3.324
9-4130	Vinnumarkaður - kynningarmál	1.725	1.696
Stofnun		3.617	3.562
9-4180	Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	3.617	3.562
Þús. DKK		2020	2019
Efnahags- og fjármálastefna (MR-FINANS)		1.634	1.607
10-5210	Framlög til verkefna – Efnahags- og fjármálastefna	1.634	1.607
Þús. DKK		2020	2019
Löggjafarsamstarf samtals (MR-LAG)		1.225	1.205
11-7110	Framlög til verkefna – Löggjafarsamstarf	1.225	1.205

Fylgiskjal

Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í þeirra gjaldmiðli

		2020	2019	
Menntamál og rannsóknir (MR-U)				
2-3100	Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)	126.570.000	124.088.000	NOK
Félags- og heilbrigðismál (MR-S)				
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	26.459.000	26.009.000	SEK
Menningarmál (MR-K)				
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	221.222.000	214.367.000	IKR
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)	14.265.000	14.068.000	DKK
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)	416.100	410.400	EUR
2-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.685.000	6.593.000	DKK
2-2548	Norræna menningargáttin (NKK)	1.575.600	1.553.800	EUR
Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)				
5-6585	Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)	31.532.000	28.293.000	SEK
Hagvöxtur (MR-VÆKST)				
7-5180	Norræni nýsköpunarsjóðurinn (NI)	85.000.000	86.653.000	NOK
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	11.838.000	11.605.000	NOK
7-6180	Norræn rannsóknastofnun í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	14.497.000	14.250.000	SEK
Atvinnulíf (MR-A)				
9-4180	Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)	484.900	478.000	EUR

Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólguviðmið 2020

Gengi:

100 EUR = 746 DKK

100 ISK = 5,4 DKK

100 NOK = 77 DKK

100 SEK = 71 DKK

Verðbólguviðmið:

Danmörk 1,4%

Finnland 1,4%

Ísland 3,2%

Noregur 2,0%

Svíþjóð 1,73%

Reikningsstuðull vegna verkefna er 1,7%.

Um þessa útgáfu

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2020 – Samantekt

PolitikNord: 2020:703

ISBN 978-92-893-6488-1 (PDF)

ISBN 978-92-893-6489-8 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/politknord2020-703>

© Norræna ráðherranefndin 2020

Umbrot: Mette Agger Tang

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub.